

Bæjarráð - FW: Afgreiðsla umsagna um greiningarskýrslu vegna svæðisskipulagsvinnu hjá Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð

**Til** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Frá** : Hjördís Þráinsdóttir  
**Heiti** : Bæjarráð - FW: Afgreiðsla umsagna um greiningarskýrslu vegna svæðisskipulagsvinnu hjá Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð  
**Málsnúmer** : 2016060025  
**Málsaðili** : Ísafjarðarbær  
**Skráð dags** : 12.04.2017 10:51:54  
**Höfundur** : Hjördís Þráinsdóttir

**Viðhengi** [A1156-0101-U02 Fundargerð\\_6. fundur svskn 8.3.2016.pdf](#)[A1156-0101-U02 Fundargerð\\_6. fundur svskn 8.3.2016.pdf](#)

**From:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir [<mailto:matthildur@alta.is>]

**Sent:** 11. apríl 2017 11:00

**Subject:** Afgreiðsla umsagna um greiningarskýrslu vegna svæðisskipulagsvinnu hjá Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð

Til aðila sem gerðu umsögn um greiningarskýrslu vegna svæðisskipulags.  
Afrít til sveitarstjóra og aðal- og varafulltrúa í svæðisskipulagsnefnd

Góðan dag!

Á fundi sínum 8. mars. sl. tók svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar fyrir umsagnir sem bárust um greiningarskýrslu sem kynnt var í byrjun febrúar, sbr. frétt frá 3.2.2017 hér: <https://www.samtakamattur.is/frettir>

Greiningarskýrslunni var ætlað að draga fram gróft yfirlit yfir stöðu og forsendur, að gefa yfirsýn og skýra samhengið sem til umfjöllunar er. Þannig var sett fram á einni opnu, nokkurs konar „póstkort“ um þætti sem lýsa verðmætum og einkennum svæðisins. Tilgangurinn var að ná fram yfirsýn og samhengi fremur en að kafa djúpt í einstaka þætti. Áhersla svæðisskipulagsvinnunnar er að draga fram hvernig þetta getur allt tengst saman og styrkt áherslugreinarnar þrjár sem sveitarstjórnir ákváðu að leggja áherslu á í verkefninu en þær eru landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta.

Fundargerð nefndarinnar er hjálögð en nefndin fól skipulagsráðgjöfum að vinna úr ábendingum við áframhaldandi mótun skipulagstillögu.

Um leið og nefndin þakkar fyrir umsagnir er minnt á vef verkefnisins þar sem sagðar eru fréttir af framgangi þess og birt gögn sem verða til við vinnslu þess:

<https://www.samtakamattur.is>

Nýjasta fréttin þar fjallar um sameiginlegan fund svæðisskipulagsnefndar með kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnunum og þeim nefndum og starfsmönnum sem mest tengjast viðfangsefnum svæðisskipulags. Fulltrúum frá markaðsskrifstofum og atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna tveggja var einnig boðið til fundarins. Sjá hér:

<https://www.samtakamattur.is/single-post/2017/03/28/Stefna-a%C3%B0-m%C3%B3tast>

Með kveðju  
f.h. svæðisskipulagsnefndar  
Matthildur Kr Elmarsdóttir, verkefnisstjóri

---

**Alta ehf** // +354 582 5000 // +354 895 1622